

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur lækna-
ritara nr. 161, 30. mars 1987, sbr. breytingu á þeirri reglugerð
nr. 425, 2. september 1987.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:

Á meðan ekki er unnt að stunda viðurkennt nám í lækna-
ritun hér á landi skal heilbrigðis- og tryggingaráðherra heimilt að víkja frá ákvæðum 2. gr. að fenginni umsögn
sömu aðila og um getur í 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, er sett með heimild í lögum nr. 24, 28. maí 1985 um starfsheiti og
starfsréttindi heilbrigðisstétta og öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. mars 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

16. mars 1988

Nr. 163

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 423/1987, um starfsheiti og
starfsréttindi matvælafræðinga.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Starfsleyfi skv. 1. gr. skal veita þeim sem lokið hafa B.S. prófi í matvælafræðum frá
Háskóla Íslands. Ráðherra getur að fenginni umsögn landlæknis, matvæla- og næringa-
fræðingafélags Íslands og þeirrar deildar Háskóla Íslands, þar sem matvælafræði er kennd,
veitt þeim starfsleyfi, ótakmarkað eða tímabundi, sem lokið hafa sambærilegu háskólaprófi
erlendis. Í þeim tilvikum skal umsækjandi sanna þekkingu sína í íslenskri matvælafræðingaför og
geta mælt og ritað á íslenskt mál, sé um erlenda ríkisborgara að ræða.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkv. lögum nr. 24/1985, um starfsheiti og starfsréttindi
heilbrigðisstétta, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. mars 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.